

Sp.

124. Tillaga til þingsályktunar

um verð á sildarmjöli til fóðurbætis o. fl.

Flm.: Eiríkur Einarsson, Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tryggja bændum í óþurrkahéruðum landsins síðastliðið sumar allan nauðsynlegan sildarmjölsfóðurbæti fyrir veturinn, við verði, er ekki sé hærra en kr. 16.50—18.00 hver 100 kg., eftir vörugæðum, miðað við afhendingu á þeim höfnum, sem næstar eru þeim byggðarlögum, er varan skal flytjast til, enda greiði ríkissjóður flutningskostnað til þeirra hafna. — Skal verðlag þetta ná jafnt til þess sildarmjöls, er ríkið selur sjálft frá verksmiðjum sínum, og sildarmjöls, sem bændur kaupa af öðrum. Að því leyti, sem mjölið er keypt af öðrum en sildarverksmiðjum ríkisins, greiðir ríkissjóður þann hluta verðsins, sem fram yfir er það verð, er bændur njóta samkvæmt ofanskráðu, enda sé þá miðað við sanngjarnt söluverð.

Einnig heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að kr. 15000.00 upp í flutningskostnað á vörunni til þeirra bænda, er lengst eiga aðdráttu frá uppskipunarhöfn.

Ívilnanir þær, sem veittar eru með tillögu þessari, ná jöfnum höndum til þeirra bænda á óþurrkasvæðunum, er nú þegar hafa greitt og dregið að sér umrædda vöru, og hinna, sem enn eiga það ógert.

Allt hið framanskráða skal ríkisstjórnin framkvæma í samráði við Búnaðarfélag Íslands, að fengnum upplýsingum og tillögum frá búnaðarsamböndum þeim, er hlut eiga að máli.

Greinargerð.

Óþurrkarnir síðastliðið sumar hafa valdið bændum í heilum landsfjórðungum meira og almennara tjóni á heyöflun en gamlir og glöggir menn muna til, að orðið hafi öðru sinni. — Hin miklu fóðurbætiskaup til þessara héraða, er voru af Búnaðarfélagi Íslands áætluð í sept. síðastl. að nema mundu á 4. þúsund smálestum af sildarmjöli, auk mikillar erlendrar korn- og mjölvöru, munu ekki ætluð til annars en að tryggja hinn hrakta og rýra heyafli, svo að búpeningur veslist ekki upp. Fækkun á fénaði, vegna þess hve heyin eru lítil meðal margra, er óhjákvæmileg, þrátt fyrir hinn mikla kostnað, er fóðurbætiskaupin hafa í för með sér.

Með tillögu þessari er ekki farið fram á meiri ívilnanir á sildarmjölsverðinu en svo, að greiðsla kaupenda svarar nokkurn veginn til heildsöluverðs á sildarmjöli 2 síðustu árin. Mun mörgum bóndanum fullerfitt að greiða það verð, hvað þá meira, fyrir vöru þessa, jafnframt öðrum skuldaskilum til kreppulánasjóðs og annara lánaardrottna, auk hins erlenda fóðurbætis, er þar kemur til viðbætis meðal margra.

Það er óhjákvæmilegt, að liðsinni ríkisvaldsins verði hlutfallslega hið sama við alla, sem hér eiga hlut að máli, enda er efnahagur bændastéttarinnar, því miður, svipaður á meðal flestra, þröngur og þolir ekki óvenjulegar íþyngingar.

Fyrir tillögu þessari verður að öðru leyti gerð grein, er hún kemur til umræðu á Alþingi.